

# Fréttabréf Garðasels

Október 2020



## Læsi í leik og starfi – í skólanum og heima



Deildir eru sérlega duglegar að vinna með læsið í fjölbreyttri mynd í gegnum Lubba- verkefnið, merkingar í umhverfinu og að gera ritmálið sýnilegt. Lubbaverkefnið er tengt heim þar sem barnið velur sér bók, les hana með foreldrum sínum og velur sér orð sem byrjar á staf vikunnar 😊 Foreldrar hafa verið mjög virkir í þessu verkefni sem er frábært og börnin njóta góðs af því.

Lestur bóka með börnum er ljúf stund sem færir okkur tækifæri til að spjalla, velta fyrir okkur orðum og innihaldi og oftast bætist við reynsla barna og upplifun.

## Viðbragðsáætlun vegna undirmönnunar

Undanfarnar vikur hefur leikskólinn misst starfsfólk í sóttkví, lengri fjarvistir vegna einkenna / veikinda og biðtíma eftir niðurstöðu skimunar – þetta eykur líkur á meiri fjarvistum og undirmönnun en ella.

Vegna þessa er nauðsynlegt að hafa virka viðbragðsáætlun vegna undirmönnunar til að grípa til **EF** mönnun fer undir viðmið um öryggi barna og álag á starfsfólk. Þessi áætlun á að tryggja að ef til fækkunar barna kemur þá verði farið eftir þessum lista og ekkert barn fari heim í annað skipti fyrir en öll börn hafa farið einu sinni. Systkini voru sett saman í hópa til að auðvelda foreldrum að leysa málin. Ef hópur eldri barna fer heim er það stærri hópur en t.d á Lóni og ræður þar aldur barna og starfsmannagildi á bak við hvert þeirra.



## Vináttuverkefni Barnaheilla

Unnið er með Vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti. Garðasel er hluti af því eikskólasamfélagi sem vinnur með þetta forvarnarverkefni. Mikilvægt er að leggja grunninn að góðum samskiptum snemma og í leikskóla fer fram mikilvæg félagsmótun, sem fylgir börnunum áfram í grunnskólann og út í lífið.

Yngstu börnin á Lóni hafa fengið bangsann Blæ, sem er þeirra eign og besti vinur. Blær fylgir börnunum á milli deilda og fer síðan heim með þeim í lok leikskólagöngunnar.



Ég vil eiga vini og því  
þarf ég að vera góður vinur

**Ræðum um vináttu við börn og hvernig góður vinur er  
– það er öllum mikilvægt að eiga vini -**

## Haustskólinn



Ákveðið var að fella niður Haustskólann vegna Covid þar sem heimsóknir / umgangur milli stofnana á að takmarka við það sem nauðsynlegt er.

Samstarfsverkefni milli leik- og grunnskóla , Brúum bilið, verður sett í gang um leið og aðstæður leyfa og öruggt er að hópa börnum saman.

## Vökudagar – ljósmyndasýning

Hinir árlegu Vökudagar á Akranesi verða 29. október – 8. nóvember og taka elstu börnin þátt í þeim með ljósmyndasýningu sinni **Það sem auga mitt sér** en hún verður sett upp í gluggum deilda í Garðaseli að þessu sinni. Þannig munu margir njóta skemmtilegra mynda barnanna.



## Fatnaður barna

Nú þegar veðrið fer að minna á sig með alls konar veðrabrigðum yfir daginn og milli daga er mikilvægt að börnin hafi útfatnað sem hæfir veðri til að geta tekið þátt í útvistinni. Foreldrar eru beðnir að taka heim í lok dags það sem er blautt eða óhreint.

Merkingar eru mikilvægar ef fatnaður fer á flakk – illa hægt að rekja það sem er ómerkt eða er merkt með nafni annars en barnsins.

## Foreldraviðtöl í október

Samkvæmt skóladagatali eru foreldrasamtöl á öllum deildum fyrirhuguð í lok október og er verið að skoða með hvaða hætti þau geta orðið. Rætt er um samtal foreldra og umsjónarkennara á TEAMS eða Facetime í stað þess að fá foreldra inn í skólann. Við munum skoða alla möguleika og gott væri að heyra frá foreldrum ef þeir hafa einhverjar hugmyndir fyrir okkur 😊



## Umferðardagar 5. -9. október

Þessa daga verður lögð áhersla á gangbrautir, umferðarljós og endurskin. Öryggi barna í umferðinni skiptir alla miklu máli og því betur sem börnin kunna á umhverfi sitt því betra.

Allir fá gefins endurskinsmerki í þessari viku.



### Símanúmer skólans

- skóli 433-1240
- Lón 433-1243
- Holt 433-1244
- Vík 433-1245